

Frumvarp að þriggja ára áætlun

um rekstur, framkvæmdir og fjármál
Reykjavíkurborgar árin 2008-2010



Fjármálasvið Reykjavíkurborgar



Markmið

Markmið

Þriggja ára áætlun A hluta Reykjavíkurborgar er grundvölluð á eftirfarandi markmiðum:

- Áherslum sem lýst er í málefnasamningi meirihluta borgarstjórnar
- Að skatttekjur, þjónustutekjur og fjármunatekjur frá dótturfélögum standi undir rekstri Aðalsjóðs
- Langtímaskuldir verði greiddar niður á tímabilinu

Forsendur

	Þriggja ára áætlun		
	Spá 2008	Spá 2009	Spá 2010
Atvinnuleysi	3,3%	3,1%	2,5%
Fjölgun íbúa í Reykjavík	0,9%	1,4%	1,3%
Fjölgun íbúða	1,8%	2,1%	2,1%

Horfur eru ágætar um hagvöxt árin 2008 til 2010 og gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir að hagvöxtur verði um 2,8% að meðaltali hvert árána þriggja. Það er svipaður vöxtur og var í þjóðarbúskapnum árið 2006, en til muna minni en uppgangsárin 2004 og 2005 þegar hagvöxtur var um 7,5% á ári.

Atvinnuleysi mældist aðeins 1,3% af mannafla á landinu öllu 2006 og ívið lægra á höfuðborgarsvæðinu eða 1,2%. Spár benda til að atvinnuleysi muni aukast á næstu árum og verða um og yfir 3% árin 2008 og 2009 og 2,5% árið 2010.

Þann 1. desember 2006 voru íbúar Reykjavíkur 116.446 og fjölgaði um 1,4% frá 2005, sem er mun meiri fjölgun en undanfarin 5 ár. Spá um fjölgun íbúa árin 2008-2010 tekur mið af þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er í borginni.

Þriggja ára áætlun 2008-2010 byggir á eftirfarandi meginforsendum:

- Útkomuspá ársins 2006
- Fjárhagsáætlun 2007
- Föstu verðlagi - miðað við áætlun 2007
- Gengisvísitölu íslensku krónunnar í 125 stigum
- Árlega 1,3% - 1,5% kaupmáttaraukning
- Um 6% fjölgun íbúa frá árslokum 2005 til ársloka 2010
- Um 9% stækkun á stofni til fasteignaskatts frá 2007 til 2010
- Lækkun á álagningarhlutfalli fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði um 25% á kjörtímabilinu í 0,1875%
- Magnbreytingu í rekstrarkostnaði vegna nýrra verkefna og stofnframkvæmda

Meginniðurstöður A hluta

A hluti Reykjavíkurborgar samanstendur af Aðalsjóði og Eigna- og Skipulagssjóði. Undir A hluta heyrir rekstur sem að hluta eða öllu leyti er fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna og gatna er reiknuð í samræmi við reikningsskilareglur sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar í Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs.

Aðalsjóður

Aðalsjóður Reykjavíkurborgar annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er í meginatriðum fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Rekstur Aðalsjóðs er almennt stöðugur því kaup og sala eigna hefur ekki áhrif á rekstur hans. Með yfirtöku Eignasjóðs á skuldum Aðalsjóðs hverfa sveiflur vegna gengisbreytinga.

Tekjur


Þriggja ára áætlun gerir ráð fyrir að skatttekjur aðalsjóðs hækki frá árinu 2007 til 2010 um 13,1%, fari úr 42,4 mö.kr. í 47,9 ma.kr., sem skýrist af áætlaðri fjölgun íbúa og kaupmáttaraukningu. Hækkun fasteignaskatts á opinbert húsnæði úr 0,88% í 1,32% hefur töluverð áhrif á milli árána 2007 og 2008. Á móti kemur að skattlagningin hefur áhrif til hækkunar á gjöld, þar sem skólabyggingar og menningarstofnanir eru stór hluti þess húsnæðis sem ber hinn nýja skatt. Áætlað er að aðrar tekjur Aðalsjóðs hækki um 2,3%. Heildaraukning tekna frá árinu 2007 til 2010 er áætluð um 11,6%.

Gjöld


Áætlað er að rekstrargjöld hækki frá árinu 2007 til 2010 um 5,6%, sem skýrist einkum af rekstrarkostnaði nýrra skóla, leikskóla og/eða annarra stofnana á tímabilinu. Launakostnaður er stærsti kostnaðarliður Reykjavíkurborgar eða um 55% af heildartekjum Aðalsjóðs árið 2007 og er sá útgjaldaliður sem hækkað hefur hvað mest á síðustu árum. Rík áhersla verður lögð á að gæta aðhalds í launakostnaði og starfsmannahaldi á öllum sviðum og gerir áætlunin ráð fyrir að hlutfall launakostnaðar verði um 47% af heildartekjum árið 2010. Lækkunin skýrist af lækkun á breytingu lífeyrisskuldibindingar vegna niðurgreiðslu hennar, jafnframt af breyttu fyrirkomulagi á reikningsfærslum hjá Eignasjóði og Framkvæmdasviði sem kemur fram í mótvarandi hækkun á öðrum rekstrarkostnaði í Aðalsjóði.

Hækkun annars rekstrarkostnaðar skýrist einkum af rekstarkostnaði stofnframkvæmda, s.s. skóla og leikskóla. Þá er gert ráð fyrir auknu fjármagni í viðhald og endurnýjun eigna (sjá kafla um Eignasjóð) og hækkun húsaleigu Eignasjóðs í skrefum á tímabilinu. Jafnframt verður lögð áhersla á að bæta viðhald og umhirðu gatna og verður fjármagn til þess málaflokks aukið í skrefum á tímabilinu.

Mynd 1: Áætluð hlutfallsleg skipting tekna Aðalsjóðs




Mynd 2: Áætlað hlutfall kostnaðar af heildar-tekjum Aðalsjóðs



Rekstur málaflokka í aðalsjóði


Áætlað er að 46,4 ma.kr. fari í rekstur málaflokka árið 2007. Frá árinu 2007 er áætlað að útgjöld til málaflokka hækki um 6,1% og verði 49,2 ma.kr. árið 2010.

Mynd 3: Hlutfallsleg breyting útgjalda málaflokka frá árinu 2007



¹⁾ Breyting á lífeyrisskuldbindingu og rekstrarliðir sem færast munu undir málaflokka eru ekki meðtaldir

Mynd 4: Framlag til málaflokka




1) Breyting á lífeyrisskuldbindingu og óreglubundnir liðir eru ekki meðtaldir


Rekstrarafkoma

Í þriggja ára áætluninni er lögð áhersla á að bæta rekstur Aðalsjóðs. Til lengri tíma lítið er markmiðið að koma á jafnvægi þannig að skatttekjur og þjónustutekjur dugi fyrir reglubundnum útgjöldum málaflokka. Áætlunin gerir ráð fyrir að halli Aðalsjóðs fyrir fjármagnsliði lækki úr 4 mö.kr. árið 2007 í 1,3 ma.kr. árið 2010 en rekstrarafgangur eftir fjármagnsliði nemi 1,7 ma.kr. Á mynd 5 er sýnd áætlun þróun í afkomu Aðalsjóðs.

Mynd 5: Áætlun rekstrarafkoma Aðalsjóðs fyrir og eftir fjármagnsliði



Mynd 6: Áætlun rekstrarafkoma A hluta fyrir og eftir fjármagnsliði



Rekstur A hluta

Árið 2007 er áætlað að afkoma A hluta Reykjavíkurborgar skili um 14 mö.kr. í rekstrarafgang. Auk sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun, skýrist afgangurinn af sölu eigna og byggingaréttar í Eignasjóði og Skipulagssjóði.

Á áætlunartímabilinu 2008-2010 er gert ráð fyrir rekstrarafgangi A hluta fyrir fjármagnsliði samtals um 19,5 ma.kr. Áætluð sala byggingaréttar hefur hér mest áhrif og bætt afkoma Aðalsjóðs vegur þungt. Rekstrarafgangur eftir fjármagnsliði er áætlaður 25,3 ma.kr. á áætlunartímabilinu, þ.e. 6,9 ma.kr. árið 2008 eða 12,2% af heildartekjum, 10,2 ma.kr eða 16,7% af heildartekjum árið 2009 og 8,2 ma.kr eða 13,4% árið 2010.

Áætlað er að rekstrargjöld A hluta hækki frá árinu 2007 til 2010 um 7,1%. Þar af er áætlað að launakostnaður lækki um 0,7% sem skýrist einkum af lækkun á lífeyrisskuldbindingu. Á sama tíma er áætlað að annar rekstrarkostnaður hækki um 15,7%. Afskriftir hækka á tímabilinu um 19%, en vegna breytinga á útreikningi á húsaleigu lækka þær til að byrja með (sjá kafla um Eignasjóð) en fara síðan hækkandi. Stærstur hluti hækkunar árið 2010 skýrist af nýju húsnæði sem tekið verður í notkun á tímabilinu.

Efnahagur A hluti

Eignir

Áætlað er að heildareignir A hluta aukist um 8,8% frá árinu 2007 til 2010, fari úr 78,2 mö.kr. í 85,1 ma.kr.


Skuldir og eigið fé

Áætlað er að greiða niður langtímaskuldir, þannig að þær fari úr 7 mö.kr. niður í um 0,4 ma.kr. á tímabilinu. A hluti verður því samkvæmt áætluninni nánast skuldlaus í lok tímabils. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiða niður lífeyrisskuldbindingu borgarinnar og lækka hana úr 14,2 mö.kr. árið 2007 í 1,5 ma.kr. í lok árs 2010. Niðurgreiðsla lífeyrisskuldbindingar styrkir Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar verulega og bætir um leið rekstrarniðurstöðu Reykjavíkurborgar þar sem gjaldfærsla breytingar lífeyrisskuldbindingar í rekstri minnkar ár frá ári. Gert ráð fyrir verulegri styrkingu eigin fjár á tímabilinu og áætlað að það fari úr 49,7 mö.kr. í 75 ma.kr., sem er styrking um 51,5%.


Fjárfestingar

Áætlað er að auka framkvæmdir verulega á næstu árum. Árið 2007 eru þær áætlaðar um 7,7 ma.kr., en um 10 ma.kr. á ári árin 2008-2010.

Mynd 7: Áætluð þróun heildarskulda A hluta



Mynd 8: Áætlaðar heildarfjárfestingar A hluta



Lykiltölur Aðalsjóðs

Fjárhæðir í þús.kr. á hvern íbúa	Áætlun	Þriggja ára áætlun		
	2007	2008	2009	2010
Fjöldi íbúa	117.436	118.504	120.122	121.734
Í hlutfalli af tekjum				
Skatttekjur	86,0%	86,6%	86,9%	87,1%
Aðrar tekjur	14,0%	13,4%	13,1%	12,9%
Laun og launatengd gjöld*	54,5%	49,7%	48,0%	46,8%
*Þar af breyting lífeyrisskuldbindingar	2,6%	2,2%	1,5%	0,7%
Annar rekstrarkostnaður	53,7%	55,6%	56,0%	55,6%
Rekstrarniðurstaða	22,0%	0,6%	1,7%	3,2%
Rekstur				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	361	379	387	394
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	59	58	58	58
Tekjur samtals	420	437	445	452
Rekstrargjöld	454	460	463	463


Lykiltölur A hluta

Fjárhæðir í þús.kr. á hvern íbúa	Áætlun 2007	Þriggja ára áætlun		
		2008	2009	2010
Efnahagur				
Heildareignir	666	634	667	699
Eigið fé	423	478	556	616
Skuldbindingar og aðrir liðir	121	80	37	13
Skuldir	122	76	73	71
Aðrar lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	2,4	1,4	1,4	1,4
Eiginfjárhlutfall	64%	75%	83%	88%


Meginniðurstöður A og B hluta

Ársreikningur Reykjavíkurborgar samanstendur af A og B hluta. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar. Fyrirtæki og rekstareiningar sem falla undir B hluta eru: Bílastæðasjóður, Faxaflóahafnir, Orkuveita, Félagsbústaðir hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Íþrótt- og sýningarhöllin hf., Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu leyti fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Þá kemur hluti af tekjum Félagsbústaða, Íþrótt- og sýningarhallar og Sorpu frá Aðalsjóði borgarinnar. Að öðru leyti eru fyrirtæki B hluta rekin með þjónustutekjum vegna viðskipta við þriðja aðila.

Mynd 9: Áætluð hlutfallsleg skipting heildartekna A og B hluta




Mynd 10: Áætlað hlutfall kostnaðar af heildartekjum A og B hluta




Gert er ráð fyrir að heildartekjur A og B hluta aukist um 15,9% á tímabilinu, fari úr 80,0 mö.kr. árið 2007 í 92,7 ma.kr. árið 2010. Þar af er reiknað með að skatttekjur aukist um 12,4%, en aðrar tekjur um 19,7%. Áætlað er að rekstrargjöld hækki um 7,1% á tímabilinu og verði um 77,4 ma.kr. árið 2010. Afskriftir hækka hlutfallslega mest eða um 22,7% sem skýrist einkum af fjárfestingum Orkuveitu Reykjavíkur. Rekstrarafkoma A og B hluta er áætluð 8,5 ma.kr. árið 2008, 12,4 ma.kr. árið 2009 og 10,5 ma.kr. árið 2010.

Mynd 11: Áætluð rekstrarafkoma A og B hluta fyrir og eftir fjármagnsliði




Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði um 10,5 ma.kr. árið 2007, árið 2008 verði það 7,9 ma.kr., árið 2009 9,9 ma.kr. og árið 2010 14,0 ma.kr.

Mynd 12: Áætluð þróun heildarskulda A og B hluta með og án lífeyrisskuldbindinga



Mynd 13: Áætlaðar heildarfjárfestingar A og B hluta



Lykiltölur A og B hluta

<i>Fjárhæðir í þús.kr. á hvern íbúa</i>	Áætlun 2007	Þriggja ára áætlun		
		2008	2009	2010
Fjöldi íbúa	117.436	118.504	120.122	121.734
Í hlutfalli af tekjum				
Skatttekjur nettó	51,7%	51,4%	49,5%	50,1%
Aðrar tekjur	48,3%	48,6%	50,5%	49,9%
Laun og launatengd gjöld	42,8%	40,7%	37,9%	37,3%
Annar rekstrarkostnaður	36,9%	34,7%	34,0%	34,9%
Rekstrarniðurstaða	16,9%	10,1%	13,6%	11,3%
Rekstur				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	352	366	375	382
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	329	346	381	380
Tekjur samtals	681	712	756	761
Rekstrargjöld	616	610	622	636
Efnahagur				
Heildareignir	2.112	2.186	2.406	2.619
Eigið fé	1.014	1.076	1.165	1.235
Skuldbindingar og aðrir liðir	127	87	44	20
Skuldir	971	1.023	1.197	1.364
Aðrar lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	1,5	0,9	1,0	1,1
Eiginfjárhlutfall	45%	47%	46%	45%